

**BÓKUN 34**

**UM AÐ DÓMSTÓLAR OG RÉTTIR EFTA-RÍKJA GETI  
FARIÐ FRAM Á ÞAÐ AÐ DÓMSTÓLL EVRÓPUBANDALAGANNA TAKI  
ÁKVÖRÐUN UM TÚLKUN Á EES-REGLUM SEM SAMSVARA EB-REGLUM**

**1. gr.**

Þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum, sem að efni til eru eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, með áorðnum breytingum eða viðbótum, eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum, í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, getur dómstóllinn eða rétturinn, telji hann það nauðsynlegt, beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli.

**2. gr.**

EFTA-ríki sem hyggst nýta sér þessa bókun skal tilkynna vörsluaðila og dómstóli Evrópubandalaganna að hve miklu leyti og með hvaða hætti bókunin muni gilda um dómstóla og rétti þess.

**3. gr.**

Vörsluaðili skal láta samningsaðila vita um allar tilkynningar samkvæmt 2. gr.